

FUNDARBOÐ

**393. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, 26. nóvember 2020 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2011001F - Ungmennaráð - 16

Lögð fram 16. fundargerð ungmennaráðs.

2. 2010006F - Safna- og menningarmálanefnd - 111

Lögð fram fundargerð safna- og menningarmálanefndar, frá fundi nr. 111.

3. 2009010F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 8

Lögð fram fundargerð 8. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

4. 2010004F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 9

Lögð fram fundargerð 9. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

5. 2011002F - Skóla- og fræðslunefnd - 179

Lögð fram fundargerð skóla- og fræðslunefndar frá fundi nr. 179.

6. 2011003F - Bæjarráð - 620

Lögð fram fundargerð bæjarráðs frá fundi nr. 620.

7. 2011004F - Bæjarráð - 621

Lögð fram fundargerð bæjarráðs frá fundi nr. 621.

Erindi til kynningar

8. 2011026 - Ársfundur fulltrúaráðs Svæðisgarðsins Snæfellsnes

Lagt fram fundarboð frá Ragnhildi Sigurðardóttur, framkvæmdarstjóra Svæðisgarðsins Snæfellsness, þar sem boðið er til ársfundar fulltrúaráðs Svæðisgarðsins Snæfellsness.

9. 2011036 - Ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2019

Lögð fram ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2019.

10. 2006017 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Framlögð fundargerð 163. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands sem haldinn var þann 20. október sl. ásamt fundargögnum sem lögð voru fram á fundinum.

Jafnframt er lagt fram bréf heilbrigðiseftirlits Vesturlands til umhverfis- og auðlindaráðuneytis um skráningarreglugerð til nánari útskýringa.

11. 2010014 - Fundargerðir starfshóps um stöðu og stefnu úrgangsmála á

Vesturlandi

Lögð fram 2. fundargerð starfshóps á vegum eigendavettvangs Sorpurðunar Vesturlands hf. um stöðu og stefnu í úrgangsmálum.

12. 2007006 - Stöðuskýrslur uppbyggingarteymis

Lögð fram stöðuskýrsla uppbyggingarteymis félags- og atvinnumála vegna Covid-19 nr. 7

13. 2004048 - Fundargerðir stjórnarfundna Svæðisgarðsins Snæfellsnes

Lagðar fram fundargerðir stjórnar Svæðisgarðsins Snæfellsnes í september og október 2020.

14. 2011027 - Frestur til framlagningar og afgreiðslu fjárhagsáætlana

Lagt fram bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 15. október 2020, þar sem vakin er athygli á heimildum sveitarfélaga til að fresta framlagningu og afgreiðslu fjárhagsáætlana 2021, á grundvelli 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. 1912013 - Fundargerðir 2020 - Samband íslenskra sveitarfélaga

Framlögð fundargerð 890. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og 891. fundargerð. Fundargerðinrnar hafa jafnframt verið birtar á vef sambandsins með þeim gögnum sem lögð voru fram á fundinum.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

16. 2010005 - Beiðni skíðadeildar UMFG um styrk

Lögð fram beiðni skíðadeildar UMFG um styrk. Bæjarráð lagði til við bærstjórn á 619. fundi sínum, að veita styrk að upphæð 50.000 kr.

17. 2011004 - Tilnefning áheyrnafulltrúa í nefndir og ráð Stykkishólmbæjar

Framlagaðar tilnefningar ungmennaráðs til áheyrnafulltrúa í nefndir Stykkishólmsbæjar.

18. 1910024 - Norðurljósahátíð 2020

Lögð fram tillaga Norðurljósanefndar þar sem lagt er til að fyrirhuguð hátíð verði ekki haldin í ár sökum kórónuveiru.

Safna- menningarmálanefnd staðfesti ákvörðun Norðurljósanefndar, á síðasta fundi sínum, og lagði til að haldinn verði, í samráði við Æskulýðs- og Íþróttanefnd og Stykkishólmsbæ, rafrænn hugmyndaflugsfundur þar sem leitað verður leiða til að skipuleggja viðburði, sem hægt er að halda þrátt fyrir heimsfaraldur, sem leysa Norðurljósahátíðina af hólmi í ljósi þess að hátíðin verður ekki haldin í ár.

Bæjarráð staðfesti, á 620. fundi sínum, afgreiðslu safna- og menningarmálanefndar og vísaði málinu til staðfestingar í bærstjórn.

19. 2005036 - Málefni Eldfjallasafns

Lagðar eru fram umsagnir safna- og menningarmálanefndar og atvinnu- og nýsköpunarnefndar vegna Eldfjallasafnsins. Þá eru lögð fyrir bærstjórn gögn um sögu og þau framtíðaráform sem lagt var upp með þegar Eldfjallasafnið kom til Stykkishólms.

Í bókun 111. fundar safna- og menningarmálanefndar Stykkishólmsbæjar taldi nefndin það hafa verið mikinn feng fyrir Hólmara að fá safnið í bæinn. Safnmunir eru

mjög verðmætir og fágætir, þ.a.m. listaverkin. Nefndin lagði áherslu á verðmæti safnsins og gildi þess í menningarlegu-, vísindalegu- og sögulegu samhengi, bæði fyrir Stykkishólm, fyrir Snæfellsnes, sér í lagi jarðfræði svæðisins, og landið allt, enda er safnið einstakt lista- og vísindasafn. Nefndin hafði hins vegar bæði skilning á forgangsröðun Stykkishólmsbæjar, hvað varðar fjárfestingar næsta árs, og þeirri afstöðu Haraldar Sigurðsson, jarðfræðings, sem fram kemur í tilkynningu frá honum. Í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin hvatti safna- og menningarmálanefnd bæjarstjórn og forsvarsmenn Vulkan ehf. til þess að leita allra leiða til þess halda safninu í Stykkishólmi, eins og ávallt var stefnt að yrði framtíðarstaðsetning safnsins, með það að leiðarljósi að finna þessu merkilega safni annan hentugri stað í Stykkishólmi.

Bæjarráð tók, á 620. fundi sínum, undir bókun safna- og menningarmálanefndar varðandi málefni Eldfjallasafnsins og vakti athygli á byggingarreit við Frúarstíg þar sem áður stóð slökkviliðsstöð.

Bæjarráð vísaði afgreiðslu bæjarráðs til staðfestingar í bæjarstjórn.

20. 2011009 - Viðauki 4 við fjárhagsáætlun 2020-2023

Framlagður viðauki 4 við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2023.

Bæjarráð samþykkti, á 620. fundi sínum, viðauka 4 við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2023 og leggur til við bæjarstjórna að samþykkja hann.

21. 2011010 - Viðauki 5 við fjárhagsáætlun 2020-2023

Framlagður viðauki 5 við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2023. Bæjarráð samþykkti viðauka 5 við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2023 og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hann

22. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Framlagðir minnispunktar bæjarstjóra.

24.11.2020

Jakob Björgvín Jakobsson, bæjarstjóri.